

1. október 2020



# Fjármálaáætlun 2021-2025 og frumvarp til fjárlaga 2021

| Stjórnarráð Íslands  
| Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Samkeppnishæft þjóðfélag þar sem velsæld byggist á öflugum mannauði og kröftugu efnahagslífi



## 1. Viðspyrna með opinberum fjármálum

Fjármálum hins opinbera markvisst beitt til að tryggja stöðugleika og skapa efnahagslega viðspyrnu. Áhersla lögð á að vernda þann árangur sem náðst hefur í velferðar- og heilbrigðismálum.



## 2. Verðmæt störf, fjárfestingar og aukin hagsæld

Kröftug viðspyrna efnahagslífsins drifin áfram af verðmætum störfum og fjárfestingum. Áhersla á menntun, rannsóknir, nýsköpun, innviði og umhverfis- og loftslagmál. Markvissar umbætur á umgjörð efnahags- og atvinnumála til að auka hagsæld til lengri tíma.



## 3. Skilvirkari þjónusta og sjálfbær opinber fjármál

Nútímavæðing hins opinbera í samræmi við breyttar þarfir og aðstæður. Þjónusta verði stafræn og skipulag sveitarstjórnarstigsins styrkt. Viðnámsþróttur gagnvart ófyrirséðum áföllum verði tryggður með lækkun skulda og sjálfbærni opinberra fjármála þannig að ekki halli á komandi kynslóðir.



# Viðspyrna með opinberum fjármálum



# Við beitum nú opinberum fjármálum af krafti til að styðja við hagkerfið

## Fjármálastefna

Endurskoðun á fjármálastefnu 2018-2022 vegna heimsfaraldurs COVID-19 samþykkt í september.

**Ytri rammi opinberra fjármála rýmkaður til að veita hagkerfinu viðspyrnu.**



## Fjármálaáætlun

Fjármálaáætlun 2021-2025 lögð fram í dag.

**Stóru línurnar í opinberum fjármálum til næstu fimm ára.**



## Fjárlög


Frumvarp til fjárlaga 2021 lagt fram í dag.

**Markmið ríkisfjármálastefnu um að styðja við verðmætasköpun, bjarga störfum og verja heimilin útfærð fyrir næsta ár.**

# Við björgum verðmætum með því að auka halla á rekstri ríkissjóðs tímabundið

Við núverandi aðstæður er skynsamlegt að leyfa tekjum ríkissjóðs að lækka og auka útgjöld með áherslu á velferð, fjárfestingar og nýsköpun.

## Áhrif faraldurs og ríkisfjármála á landsframleiðslu Stílfært dæmi





# Undanfarin ár byggðum við upp efnahagslegt svigrúm sem kemur nú að góðum notum



## Mikil lækkun skulda

Skuldsetning hagkerfisins minnkaði um helming á undanförunum áratug.<sup>1</sup>



## Lág og stöðug verðbólga

Aukinn verðstöðugleiki gerir kleift að lækka vexti hratt í niðursveiflunni.



## Jákvæð erlend staða

Viðskiptaafgangur nýttur til að byggja upp stóran gjaldeyrisforða og aðrar eignir erlendis.





## Betri umgjörð hagstjórnar

Stjórnþæki opinberra fjármála, peningamála og fjármála-stöðugleika vinna nú í takt.

<sup>1</sup>Skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu.

# Fjármálastefna endurskoðuð í september

Með endurskoðun fjármálastefnu var markmiðum í opinberum fjármálum til 2022 breytt vegna óhjákvæmilegra afleiðinga faraldursins.



## Gólf á afkomu

Halli á rekstri hins opinbera má mest vera 14,5% árið 2020, 13% árið 2021 og 10,5% árið 2022.



## Þak á skuldum

Skuldir hins opinbera mega mest vera 64% af landsframleiðslu árið 2022.

\*A-hluti hins opinbera (ríkis og sveitarfélaga). Hlutfall af landsframleiðslu.

# Grunnstoðir hagkerfisins eru sterkar

Þrátt fyrir áfallið í ferðapjónustu og lækkun á gengi krónunnar er áfram útlit fyrir jákvæðan viðskiptaafgang og hóflega verðbólgu.








# Öflugar sóttvarnir leggja grunn að efnahagsbata


Eftirtektarverður árangur Íslands í sóttvörnum skilar sér í meiri efnahagsumsvifum.

Greind smit innanlands



Neysla tók við sér af krafti um leið og stjórn náðist á faraldrinum.

Kortavelta Íslendinga innanlands, breyting milli ára á nafnvirði




Neysla Íslendinga innanlands jókst um allt að 20% í sumar



# Kröftugur hagvöxtur strax á næsta ári


Gert ráð fyrir að landsframleiðsla nái fyrra stigi eftir um tvö ár.





# 264 ma.kr. halli

Afkoma ársins 2021




# Ríkissjóður veitir hagkerfinu alls 430 milljarða króna viðspyrnu vegna COVID-19 árin 2020-2021

Ríkisfjármálunum beitt af krafti til að verja hag heimilanna.

## Sveiflujöfnun ríkissjóðs vegna COVID-19

Milljarðar króna




Ráðstafanir, sjálfvirkir sveiflujafnarar og lægri arður 2020-2021:  
**430 milljarðar króna**



# Mikill samfélagslegur kostnaður af atvinnuleysi


Útgjöld vegna atvinnuleysisbóta  
Milljarðar króna





# Stefnir í 900 ma.kr. halla 2021-2025

Gríðarlegur halli á afkomu hins opinbera






Verðmæt störf og aukin hagsæld



# Kaupmáttur launa aldrei meiri og fer enn hækkandi

Launahækkanir og hófleg verðbólga tryggja kaupmátt þrátt fyrir niðursveifluna.






# Laun hafa þó hækkað umfram framleiðni á undanförunum áratug

Af þeim sökum minnkaði samkeppnishæfni þjóðarbúsins fram til ársins 2019.

## Launakostnaður og framleiðni á vinnustund

Árið 2019 (2010=100)







# Fjárfestingar- og uppbyggingaráttak

119 milljarðar króna til að bregðast við efnahagssamdrætti vegna COVID-19.

## Fjárfestingar- og uppbyggingaráttak vegna COVID-19

Milljarðar króna






## Fjárfestingar- og uppbyggingaráttak 2021-2023 (ma.kr.)

Fjárfestingaráttak verkefni >2 ma.kr.

# Stuðningur við nýsköpun stóraukinn

Aukinn stuðningur við þekkingargreinar sem geta átt þátt í að leggja grunn að næsta skeiði kraftmikils hagvaxtar.

**Stuðningur við nýsköpun, rannsóknir og þekkingargeira eykst mikið**  
Útgjöld ríkissjóðs til málaflokksins, % af VLF




# Stuðningur við nýsköpun stóraukinn

Aukinn stuðningur við þekkingargreinar sem geta átt þátt í að leggja grunn að næsta skeiði kraftmikils hagvaxtar.

## Framlög til nýsköpunar og þróunar


Þróun fjárheimilda á árunum 2017-2025 á föstu verðlagi 2021 (m.v. VNV)





# Áhersla á nýsköpun og innviði


## Aukning útgjalda ríkissjóðs 2017-2021\*



\* Rammasett útgjöld. Þróun á verðlagi 2021 m.v. vísitölu neysluverðs. Án markaðsleigu stofnana í fjárlögum 2019.




# Velferð í öndvegi





# Í hvað fara skattarnir?

Útgjöld ríkissjóðs á mann 2021  
Krónur







# Velsældaráherslur

eru leiðarstef á öllum málefnasviðum og mynda ramma um forgangsröðun og framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar:


1. Andlegt heilbrigði
2. Öryggi í húsnæðismálum
3. Virkni í námi og starfi
4. Kolefnishlutlaus framtíð
5. Gróska í nýsköpun
6. Betri samskipti við almenning



# Minni tekjur ríkissjóðs

Áhrif skattkerfisbreytinga frá árinu 2018 og efnahagslegra áhrifa covid

ma.kr.





# Álögur lækkaðar verulega 2021

## Tekjuáhrif helstu skattabreytinga á ríkissjóð 2021, ma.kr. <sup>1</sup> 2021

### Lögfestar breytingar

Síðasti áfangi breytinga á tekjuskatti einstaklinga	-14,3
Síðari áfangi innleiðingar skatts á f-gös	0,2
Fyrsti áfangi við lækkun bankaskatts	-1,7
Afnám flutningsjöfnunargjalds á olíuvörur	-0,4
Aðgerðir vegna COVID-19	-9,4
þ.a. flýting 2. - 4. áfanga lækkunar bankaskatts	-4,9
þ.a. niðurfelling tollafgreiðslugjalds	-0,4
þ.a. niðurfelling gistináttaskatts	-0,8
þ.a. aukin endurgreiðsla VSK v/íbúðarhúsnæðis, bílaviðgerða o.fl.	-3,9
þ.a. hliðaráhrif af útgreiðslu séreignarsparnaðar	0,6
<b>Samtals</b>	<b>-25,5</b>

### Ólögfestar breytingar

Skattleysismark erfðafjárskatts hækkað	-0,5
Breytingar á fjármagnstekjuskatti	-2,1
Stuðningur við almannaheillafélög (þriðji geiri)	-2,1
Framlenging á auknum endurgreiðslum VSK v/COVID-19	-8,0
Útsendir starfsmenn (keðjuábyrgð á staðgreiðsluskilum)	0,3
Kolefnisgjald hækkað í tengslum við afnám flutningsjöfnunargj. á olíuvörur	0,2
<b>Samtals</b>	<b>-12,2</b>
<b>Lögfestar og ólögfestar breytingar samtals</b>	<b>-37,8</b>

1. Fjárhæðir tákna áhrif hvernar kerfisbreytingar í samanburði við óbreytt kerfi á árinu 2021. Fjárhæðir eru með hliðaráhrifum á virðisaukaskatt.



Skilvirkari þjónusta og sjálfbær  
opinber fjármál

# Stafrænt Ísland


Íslandi komist í hóp fremstu þjóða í heimi í stafrænni þjónustu. Með aukinni áherslu á stafræna þjónustu hins opinbera verða öll samskipti einfaldari og tækifæri skapast til hagvaxtar til framtíðar vegna hagræðingar í rekstri, mikils tímasparnaðar í samfélaginu öllu og jákvæðra umhverfisáhrifa.

## Stóraukið framboð opinberrar þjónustu á Ísland.is

- Rafrænar þinglýsingar.
- Endurnýjun vegabréfa og umsókn um ríkisborgararétt
- Umsókn um ökunám og upplýsingar um framvindu námsins.
- Fjölskyldumál og ýmis ferli hjá sýslumönnum.
- 1200 stafræn umsóknar- og leyfisferli á Ísland.is

## Endurnýjun upplýsingatæknikerfa og efling tækniinnviða.

- Umbætur á upplýsingatæknikerfum lykilstofnana.
- Aukið upplýsingaöryggi með Straumnum sem gerir stofnunum kleift að skiptast á gögnum á öruggan hátt.
- Gagnagrunnar í menntamálum, barnavernd og heilbrigðisþjónustu.
- Stafrænar lausnir fyrir réttargæslukerfið.






# Stefnt að jákvæðum frumjöfnuði árið 2025

35-40 ma.kr. í ráðstafanir til að bæta afkomu á ári á árunum 2023-2025

## Dregið verður úr hallarekstri ríkissjóðs 2023-2025

Stefnt að jákvæðum frumjöfnuði 2025\*




\* leiðrétt fyrir óreglulegum og einskíptis liðum 2005-2018



# Skuldasöfnun hins opinbera verður stöðvuð

Leiðarljós opinberra fjármála verður að skuldir hætti að hækka sem hlutfall af landsframleiðslu eigi síðar en 2025.






# Hagvöxtur er lykillinn að bættu skuldahlutfalli

Aukinn hagvöxtur er ekki aðeins lykillinn að bættum lífshæðum heldur einnig sterkari stöðu opinberra fjármála.

## Skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu

Stílfært dæmi um áhrif hagvaxtar og afkomu



— 0,5% halli út tímabilið

— Útgjöld minnkuð um 2% af VLF, óbreyttur hagvöxtur

— Útgjöld minnkuð um 0,5% af VLF, 0,5% hærri hagvöxtur

0,5% hærri hagvöxtur  
→ Fjórfalt minni  
ráðstafanir þarf til að ná  
sama lága  
skuldahlutfallinu.





# Meiri hagvöxtur skilar bættri afkomu

Sviðsmyndir fanga að óvissa er um efnahagsþróun, en einnig að til mikils er að vinna með því að styðja nú við verðmætasköpun.

